

Frá þjóðveldi til einokunar

Lykildagsetningar

Ásgeir Jónsson
Hagfræðideild

1350 – Fiskur verður útflutningsvara

- ◆ Upp úr 1300 taka þýskar Hansaborgir yfir utanríkisverslun á Norðurlöndum.
- ◆ Veruleg eftirspurn er eftir fiski í Evrópu sem próteingjafa og föstu(dags)mat fyrir kaþólska heim.
- ◆ Hansakaupmenn gerast ráðandi í Björgvin (Bergen) og sækjast eftir fiski.
- ◆ Norðmenn banna Þjóðverjum þó að sigla til Íslands, Færeyja eða Grænlands – þar hafa norskir kaupmenn einkarétt á verslun.
- ◆ Verð á fiski stígur í Norgi og brátt er byrjað að flytja hertan fisk (skreið) frá Íslandi í einhverjum mæli.
- ◆ Viðskiptakjör landsins batna verulega – vaðmálið dettur út sem útflutningsvara – utanríkisviðskiptin fara að skila verulegum ágóða fyrir landsmenn.
- ◆ Allt er þó fremur smáum stíl enda norsku skipin bæði fá og smá – það líða ár án þess að nokkurt skip komi frá Noregi.
- ◆ Nokkrir íslenskir höfðingjar fara að fjárfesta í eigin skipum til þess að flytja út skreið.

1380 – Danska og norska krúnan sameinast

- ◆ Ólafur annar Hákonarson erfði bæði norsku og dönsku krónuna 1380.
- ◆ Öll Norðurlöndin gengu síðan saman í eina sæng með Kalmarsambandi 1397 – með Danmörk í forystu.
- ◆ Svíþjóð braust út úr Kalmarsambandinu 1523 – en Norðmenn sátu fastir undir yferráðum Dana.
- ◆ Norsku þjóðinni fækkaði um helming vegna nokkurra Svarta-dauða faraldra á milli 1350-1400 og norska ríkið missti algerlega flugið.
- ◆ Frá og með 1400 er veraldlegum málefnum Íslands stjórnað frá Danmörku en Noregur breytist smátt og smátt í fátækan útkjálka.
- ◆ Norska kirkjan heldur þó áfram völdum sínum hérlendis og er í nánú sambandi við íslenska kirkju.

1412 – Enska öldin

- ◆ Allt í einu birtist enskt skip á Íslandi árið 1412 og brátt sigla tugir og hundruðir enskra skipa í kjölfarið.
- ◆ Ný þjóð hefur látið til sín taka á Atlantshafi og siglir til Íslands þrátt fyrir að Danir banni þeim það.
- ◆ Allt í einu eru enskir kaupmenn í hverri vík sem bjóða geipihátt verð fyrir skreiðina og selja allt landsmönnum sem hugurinn girnist...
 - ★ ...Korn, járnvörur, föt, glingur, bjór og vopn.
- ◆ Danakonungur bannar Íslendingum viðskipti við Englendinga og sendir umboðsmenn til þess að fylgja banninu eftir...
- ◆ ...en einn er fluttur til Englands í jánnum 1420 en öðrum drekkt 1433.
- ◆ Svo gefst konungur upp og missir í raun stjórn á landinu um nokkurra áratuga skeið.

Áfram um Ensku öldina

- ◆ Hækkandi fiskverð leiðir til gríðarlegrar kaupmáttaraukningar fyrir þjóðina.
- ◆ Fólk flykkist að sjávarsíðunni til þess að veiða fisk og versla við Englendinga og jafnvel vinna fyrir þá.
- ◆ Þéttbýli fer að myndast á ákveðnum stöðum – svo sem undir Jökli á Snæfellsnesi, á Reykjanesi og á Vestfjörðum.
- ◆ Ný Sturlungaöld hefst – Sveinaöld – þar sem nýríkir höfðingjar frá sjávarjörðum stofna einkaheri (sveinalið) og ríða um landið og beita ofbeldi.
- ◆ Gríðarlega mikill auður fer að safnast fyrir í landinu og miklar eignatilfærslur eiga sér stað.
- ◆ Einangrun landsins er rofin og margir Íslendingar flytja einnig til Bretlands.
- ◆ Landsmenn læra að drekka og dansa af Englendingunum en hætta að skrifa bækur – litlar sem engar ritaðar heimildir eru frá ensku öldinni hérlendis.

Fólksflutningar til Englands?

- ◆ Hinn merki þýski landfræðingur Martin Behaims (f. 1437, d. 1507) skrifaði svo um Ísland á landakort sitt:
- ◆ *„Á Íslandi býr fagurt, hvítt fólk og er kristið. Hjá því er siður að selja hunda dýrt, en börn sín gefa menn kaupmönnum til guðspakkar, svo að þeir fái brauð handa þeim, sem eftir eru. Einnig finnst fólk á Íslandi um áttætt, sem aldrei hefur bragðað brauð, því að kor'n vex þar ekki, en í stað brauðs eta menn þurrkaðan fisk. Á eyjunni Íslandi er aflað skreiðar, sem flutt er til lands vors“.*
- ◆ Umboðsmaður Danakonungs, Jón Gerreksson, fann nokkur íslensk börn í enskum skipum nýkomnum frá Íslandi í Bristol.
- ◆ Í íbúatölum virðist sem fjöldi fólks með íslensk nöfn búi í enskum hafnarborgum.

1427-1429 Danir loka Eyrarsundi

- ◆ Eftir 1300 voru Danir komnir í mikla klemmu gagnvart þjóðverjum – með Hansakaupmenn ráðandi á sjó en þýsku hertogadæmin á landi.
- ◆ Framfarir í hernaðartækni eftir 1400 – tilkoma fallbyssunnar sneri málum í þeirra hag.
- ◆ Danirnir byggja fallbyssuvirki við Eyrarsund og nýja borg sem kölluð er Kaupmannahöfn.
- ◆ Hansa-herir brenna borgina niður tvisvar sinnum – en síðan er Hansaflotinn gjörsigraður af dönskum fallbyssum í tveimur bardögum 1427-1428 .
- ◆ Kaupmannahöfn er gerð að höfuðborg landsins í snatri og allir sem fara inn í Eystrasalt verða að greiða dönum toll – og raunar allt fram til 1847.
- ◆ Stóra fréttin er hins vegar sú að Danmörk fær nýtt vægi sem hliðvörður inn í Eystrasalt...
- ◆ ...og gengur í endurnýjun sem flotaveldi

1447 – Danir ná aftur stjórninni

- ◆ Árið 1447 lætur Danakonungur taka nokkur ensk skip á Eyrarsundi vegna löglauss framferðis Englendinga á Íslandi.
 - ★ Englandskonungur lofar bót og betrun
- ◆ Samkomulag myndast um að Englendingar fái að sigla til Íslands en verði að borga leyfisgjald.
- ◆ Íslensk kirkja kemst undir styrka norsk-íslenska stjórn með skipan Norðmannsins Gottskálks Nikulásarsonar 1442 sem Hólabiskups.
- ◆ Kirkjan byrjar síðan gereyðingarstríð gegn höfðingjavaldinu með ýmis konar vafasömum málsóknum sem allar enda með eignaupptöku.
- ◆ Kirkjan er komin með um 50% af jarðeignum landsins um siðaskipti og er orðin að ríki í ríkinu.
- ◆ Biskuparnir eru þá farnir að vera eins stríðsherrar með sína einkaheri og með gríðarlegar eignir í sinni umsjá.

1467 – Björn drepinn á Rifi

- ◆ Árið 1467 er hirðstjóri konungs Björn Þorleifsson, drepinn á Rifi – óljóst er þó nákvæmlega um atvik.
- ◆ Danir ráðast í miklar hefndaraðgerðir gegn Englendingum í kjölfarið..
- ◆ ...og loka Eyrarsundi fyrir enskum í nokkra áratugi.
- ◆ Þeir gera bandalag með Hanskaupmönnum gegn Englendingum – enda eru enskir kaupmenn þá farnir að vera óþægilegir samkeppnisaðilar í utanríkisverslun.
- ◆ Með sameinuðu dansk-þýsku átaki verða Englendingar að láta undan síga á Íslandi.
- ◆ Og svo kemur að því að ensk skip finna ný mið við Nýfundnaland og sækja þangað.

1471 – Þýska öldin

- ◆ Árið 1471 er Hafnarfjörður hertekinn af þýskum kaupmönnum og Englendingar hraktir burt.
- ◆ Hafnarfjörður hafði framt til þess verið ein helsta miðstöð Englendinga en nú taka Þjóðverjar við.
- ◆ Á næstu árum eru allar hinar stærri hafnir teknar af Englendingum – oft í blóðugum átökum.
- ◆ Englendingar halda hins vegar Vestmannaeyjum og síðan smáhöfnum vítt og breitt um landið þar sem hin stóru þýsku verslunarskip eiga erfitt með að athafna sig.
- ◆ Þjóðverjar eiga yfirleitt mun friðsamlegri samskipti við Íslendinga en Englendingar – vopnaviðskipti áttu sér sjaldan stað.
- ◆ Þjóðverjar hefja atvinnurekstur með útgerð smábáta með íslenskum áhöfnum – þéttbýlismyndun kemst nú á fullt skrið.

1480 – vandamálið með vetursetur

- ◆ Árið 1480 sendu íslenskir höfðingjar bréf til Danakonungs þar sem þeir lýstu því yfir:
- ◆ *.....að almúginn af öllu landinu klagði sig um þann mikla ósið, er hér væri í landið um þá vetursetu, er útlenskir menn hefði hér, hvað oss leizt og öllum almúganum vera stór skaði fyrir landið sakir þess, að þeir halda hér hús og garða við sjóinn og lokka svo til sín þjónustufólkið, að bændurnir fá ekki sína garða upp unnið eða neina útvegu haft þá, er þeim eða landinu mega til nytja verða.*
- ◆ Konungur og Íslenskir höfðingjar fara að sjá sameiginlega hagsmuni í því að hafa hemil á Þjóðverjum.

1534 – Danska konungsveldið eflist

- ◆ Kristján þriðja danakonungur barði í gegn siðaskipti í Danmörk með aðstoð þýskra hermanna.
- ◆ Samhliða barði hann niður bæði kirkju og aðal í Danmörku og gerði eignir þeirra upptækar.
- ◆ Í fyrsta skipti var danska konungsveldið komið með nægjanlega öflugan bakstuðning til þess að geta látið til sín taka af fullum styrk.
- ◆ Það var markmið Kristjáns að gera Danmörku að öflugum nútímaríki með því að efla verslun...
- ◆ ..og að Kaupmannahöfn beri nafn með rentu.
- ◆ Ísland er gullnáma með bæði fisk og brennistein en það voru aðrar þjóðir sem grafa og versla við landsmenn.
- ◆ Það verður nú að forgangsmáli hjá Dönum að ná stjórn á Íslandi og efla konungsríkið með auðlindum þess.

1540 – Gissur verður biskup

- ◆ Nokkrir íslenskir „róttæklingar“ kynna lútersku í prestnámi sínu í Þýskalandi.
- ◆ Þeir snúa aftur heim en halda trúarskoðunum sínum leyndum og þýða Nýja Testamentið í fjósinu í Skálholti.
- ◆ Einn þeirra er Gissur Einarsson.
- ◆ Ögmundur Pálsson biskup er orðinn blindur en samþykkir Gissur sem eftirmann fullviss um að hann sé góður og gildur kaþólikki.
- ◆ Gissur kallar sjálfan sig „Tilsjónarmann“ eða „Súperintendentant“ en ekki biskup.
- ◆ Hann reynir að hrinda að koma á lúterskum sið en við mjög litla hrifningu fólks.
- ◆ Ögmundi líst ekkert á þetta og biður Jón Arason um hjálp við að steypa Gissuri.
- ◆ Hinir lútersku kalla á hjálp konungs...

1542 – Danskir hermenn ríða á Alþingi

- ◆ Vorið 1542 komu tvö dönsk herskip hingað til lands undir forystu Kristjáns Hvítfelds aðalherforingja konungs.
- ◆ Þeir handtaka Ögmund Skálholtsbiskup og flytja á skip.
- ◆ Þá ríður herflokkurinn á Alþingi og lætur þingheim samþykkja lúterskan sið.
- ◆ Að vísu sátu Norðlendingar heima svo það var aðeins Skálholtsbiskupsdæmi sem samþykkti hinn nýja sið.
- ◆ Þetta var fyrsta skipti sem erlendum her er beitt á Íslandi – og í fyrsta skipti sem konungsvald lætur til sín taka.
- ◆ Konungur hafði náð aðalmarkmiði sínu – ná tangarhaldi á verstöðvunum sunnanlands.
- ◆ Hann var síðan tilbúinn að semja frið við Jón Arason.
- ◆ Jón lofar konungi brennisteini og silfri, og fær að vera í friði með sitt biskupsdæmi.
- ◆ Ísland er því tvískipt, á milli lútersku og kaþólsku, en þeir Gissur og Jón halda friðinn sín í milli.

1544-47 – Aðgerðir gegn Þjóðverjum

- ◆ Árið 1544 er nýr herleiðangur gerður til Íslands undir forystu Otta Stígssonar til þess að stemma stigu við valdi Hamborgara.
- ◆ Otti gerir 50 þýska bátar upptæka á Reykjanesi sem síðan eru gerðir út af Dönum til fiskveiða.
- ◆ Árið 1547 er landið selt á leigu til borgarráðs Kaupmannahafnar sem skyldi sjá um bæði landsstjórn og verslun á Íslandi.
- ◆ Borgarráðið nær ekki að keppa við þýska verslun og grípur brátt til bolabragða.
- ◆ Hamborgar svara í sömu mynt og handtaka meðal annars umboðsmann Danakonungs.
- ◆ Þeir ákveða einnig að styðja Jón Arason til uppreisnar gegn Danakonungi (þó þeir séu sjálfir lúterskir)...
- ◆ ..Og selja Norðanmönnum vopn.

1548 – niðurstig Jóns Arasonar

- ◆ Gissur Einarsson biskup andaðist 1548.
- ◆ Sama vorið tekur Jón Arason sér legátavald og ríður suður með herflokk til þess að kjósa kaþólskan biskup í Skálholti.
- ◆ Jón nær ekki Skálholti – sveinahöfðingjarnir Daði úr Snóksdal og Gleraugna-Pétur láta sveina sína og landseta Skálholts slá varnarhring um staðinn.
- ◆ Norðlendingar þora ekki að sækja í mót opnum byssukjöftum.
- ◆ Skálhyltingar kjósa hinn lúterska Marteín Einarsson (mág Daða og bróður Gleraugna-Péturs) sem biskup.
- ◆ Jón gefst þó ekki upp og handtekur Marteín ári síðar ásamt fleiri lúterskum prestum.
- ◆ Svo fer að hann hrekur alla helstu forvígismenn lúterskunnar úr landi – nema Daða í Snóksdal.

Meira um Jón Arason

- ◆ Jón Arason er fæddur um 1480 og er því um sextugur þegar siðaskiptin breyta á.
- ◆ Hann nokkur börn sem hann raðar um allt Norðurland.
- ◆ Björn prestur var á Melstað í Miðfirði – hans ríki er um Húnavatnssýslur og Strandir.
- ◆ Ari lögmaður situr á Möðruvöllum í Eyjafirði hans ríki er fremsti hluti Eyjafjarðar.
- ◆ Þórunn situr á Grund í Eyjafirði og maður hennar stjórnar ytri hluta Eyjafjarðar.
- ◆ Sigurður situr á Grenjaðarstað – hans ríki er Suður Þingeyjarsýsla.
- ◆ Í miðju ríkisins, á Hólum í Hjaltadal, situr Jón og reisir virki með síki og fallbyssum.
- ◆ Björn og Ari fylgja föður sínum á herferðum – Ari er herforingi biskuphersins.
- ◆ Jón er hress, fjörugur og heldur bestu veislur sem hafa þekkt á Norðurland.
- ◆ Hann virðist einnig ákafur trúmaður.

1550 – sigur og tap Jóns Arasonar

- ◆ Vorið 1550 heldur Jón aftur af stað en nú með þýska hernaðarráðgjafa.
- ◆ Hann hertekur Skálholt og lætur síðan samþykkja kaþólskan sið á nýjan leik á Alþingi.
- ◆ Ari biskupsson slær umboðsmann konungs utanundir á Alþingi og hefur að háði og spotti.
- ◆ Um haustið ætla þeir Hólafeðgar að valdi á Daða á Sauðafelli en hann safnar saman mönnum og kemur þeim að óvörum.
- ◆ Í byssubardaga, sem jafnframt verður síðasta íslenska fólkorrustan, bíða þeir Hólafeðgar ósigur og eru handteknir.
- ◆ Þeir eru síðan hálshöggðir allir þrír þann 7. nóvember 1550 í Skálholti fyrir landráð.
- ◆ „Öxin og jörðin geyma þá best“.

1551 – örlagaárið

- ◆ Norðlenskir vermenn fara um Suðurnes og drepa alla Dani sem þeir finna utan tvo sem komast í Skálholt.
- ◆ Norðlenskur flokkur fer einnig og grefur upp lík Jóns og sona hans og grefur á Hólum líkt og um helga menn sé að ræða.
- ◆ Sonur Jóns Sigurður á Grenjaðarstað er kosinn biskup í stað föður síns.
- ◆ Þennan vetur á Danakonungur á í stífum samningaviðræðum við Hamborgara:
 - ★ **Niðurstaðan:** Hamborgar borga sektir fyrir að hvetja Íslendinga til uppreisnar og lofa að hætta að styðja Jón Arason.
 - ★ Konungur lofar að hætta tilraunum sínum til þess að stofna danska verslunareinokun á Íslandi.
- ◆ Samhliða undirbýr Danakonungur mikinn herleiðangur til Íslands.

1551 - hernámið

- ◆ Vorið 1551 koma fimm dönsk herskip til landsins – 3 fyrir norða og 2 fyrir sunnan með hundruði þýskra málaliða.
- ◆ Norðlendingar játa lúterska trú í snarhasti en hermennirnir eru ákaflega argir að fá ekki að „stríða“.
- ◆ Ísland er hernumið og afvopnað – síðan höfum við verið vopnlaus þjóð.
- ◆ Kirkjur og klaustur eru rænd – það sem skiptir þó meira máli er að allar klausturjarðir sem og jarðir Jóns og sona hans eru gerðar upptækar.
- ◆ Á næstu árum eru auðlindir landsins yfirteknar; brennisteinsnámur og fiskimið lenda undir yfirráðum konungs.
- ◆ Konungssamband Íslands og Danmerkur er ekki lengur samningur í anda Gamla sáttmála heldur er landið nú undir konungi og landsmenn hafa ekki lengur neitunarvald í málefnum sínum.

1602 - verslunareinokunin

- ◆ Hin nýja danska stjórn fyrir Ísland byggir upp á þremur þáttum:
 - ★ Leigur af jarðeignum konungs borgi laun konunglegra embættismanna
 - ★ Sölu á einkaleyfum til Íslandsverslunar gefi konungi töluvert í aðra hönd.
 - ★ Íslandsverslunin efli Kaupmannahöfn sem verslunarborg.
- ◆ Þjóðverjar fengu þau skilaboð að sækja fiskinn til Kaupmannahafnar.
- ◆ Í hinu nýja kerfi fá Íslendingar 5-10% af markaðsvirði fiskjarins í Suður-Þýskalandi.
- ◆ Hins vegar tryggir verðskrá einokunarinnar landsmönnum tiltölulega hátt verð á búnaðarafurðum.
- ◆ Hægt að líta á þetta sem kross-niðurgreiðslu frá sjávarútvegi til landbúnaðar.

Áfram um verzlunareinokunina

- ◆ Umframbyrði Íslands af einokuninni var gríðarleg – arðurinn af auðlindunum rann allur úr landi.
- ◆ Verra er þó að landið einangrast og lokast frá umheiminum enda mega aðrar þjóðir en Danir ekki sækja hingað.
- ◆ Miðaldir lifa áfram á Íslandi í menningu og verktækni og landið verður fátækara og fátækara með hverjum áratug er einokunin varði.
- ◆ Íslendingar sóttu áður hina bestu skóla í Englandi og Þýskalandi en verður Kaupmannahöfn að menntamiðju landsins.
- ◆ Danir beittu jákyæðri mismunun (affirmative action) til þess að hvetja Íslendinga til náms með því að taka frá fyrir þá mörg pláss á Garði með fríu fæði og húsnæði.
- ◆ Það er þetta þjóðfélag einokunarinnar sem flesta hafa í huga þegar þeir hugsa um Ísland fortíðar.